

7. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 30.september 2020 kl.14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Björn G.Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti—erindi dags.20.ágúst 2020 varðar samstarfssamninga við önnur sveitarfélög. Lagt fram til kynningar og umræðu.
2. Samstarfssamningur aðildarféлага Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Tekinn til umræðu og samþykktar.
3. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun frá Skipulagsstofnun varðandi Strandaveg um Veiðileysuháls. Lögð fram til kynningar.
4. Fundargerðir stjórnarfunda Vestfjarðastofu,.... Fundir nr. 28 og 29, lagt fram til kynningar.
5. Umsókn frá Söru Jónsdóttur varðandi Kaffi Norðurfjörð.
6. Styrkvegasjóður Vegagerðarinnar, úthlutun 2020.
7. Bréf Landverndar til forsætisráðherra o.fl.

1.Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti – erindi dags. 20.ágúst 2020 varðandi samstarfssamninga við önnur sveitarfélög og bréf frá 24.ágúst 2020 varðandi samstarfssamn. Vestfirskra sveitarféлага sérstaklega. Oddviti mun svara bréfi varðandi athugasemdir vegna Byggðasamlags Vestfjarða og annara nefnda og embætta.

2. Samstarfssamningur aðildarféлага Byggðasamlagsins lagður fram til umræðu og samþykktar. Hreppsnefnd fór yfir samninginn og samþykkti hann. Oddviti mun því undirrita hann og senda síðan til Byggðasamlagsins.

3. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun frá Skipulagsstofnun varðandi Strandaveg um Veiðileysuháls. Tillagan var lögð fram til kynningar.

4. Fundargerðir stjórnarfunda Vestfjarðastofu, fundir nr. 28 og 29. Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

5. Umsókn um rekstur Kaffi Norðurfjarðar. Ákveðið var að gera leigusamning við Söru Jónsdóttur, oddviti mun ganga frá málinu.
229.

6. Styrkvegasjóður Vegagerðarinnar, úthlutun 2020. Ákveðið var að oddviti ræddi við Vegagerðina vegna þess að líkindum verður ekki hægt að nýta allan styrkinn fyrir 1.des.2020.

7. Bréf Landverndar til forsætisráðherra. Bréfið var lagt fram til skoðunar og kynningar. Oddviti bað leyfis að leggja fram eitt mál til viðbótar og var það samþykkt og lagt fram sem mál nr.8.

8.Hreppsnefnd ræddi tilboð Jónasar Jónbjörnssonar hjá Tígur ehf., varðandi gerð varnargarðs í Norðurfjarðarhöfn. Einnig hefur verið rætt við Hafnadeild Vegagerðarinnar og unnið verður að því að verkið verði unnið á komandi vetri ef um semst.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00